

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um bústofn til eignar í skattframtali 2025.

Eignamat í árslok.

Samkvæmt 2. tl. 73. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal telja búpening til eignar með verði er ríkisskattstjóri ákveður til eins árs í senn. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 213/2001, um skattalega meðferð á bústofnbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði, skal færa bústofn allan í ársbyrjun á bústofnsskýrslu með því verði sem ríkisskattstjóri ákveður, sbr. framangreint.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið eftirfarandi mat á búpeningi í árslok 2024, álagningarárið 2025, vegna bústofnsskýrslu fyrir það álagningarár:

	kr.
Mjólkurkúr	162.000
Holdakúr og naut	170.000
Kvígur, 1½ árs og eldri	142.000
Geldneyti	84.000
Kálfar, yngri en ½ árs	16.000
Ær og sauðir	9.600
Hrútar	22.000
Gemlingar	14.000
Geitur	12.000
Hross á 14. vetri og eldri	27.000
Hross á 5. – 13. vetri	65.000
Fulltamin reiðhross á 5. – 13. vetri	280.000
Önnur nýtanleg reiðhross	150.000
Verðlaunahross á 5. – 13. vetri	450.000
Kynbótahestar á 5. – 13. vetri	600.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. – 13. vetri	750.000
Tryppi á 2. – 4. vetri	21.000
Fölöld	15.000
Hænsni, eldri en 6 mánaða	1.170
Varphænsni 6 mánaða og yngri	800
Kjúklingar	345
Endur	1.220
Gæsir	2.430
Kalkúnar	3.650
Gyltur	55.000
Geltir	80.000
Grísir	15.000
Kanínur	5.800
Minkar: Karldýr	5.400
Kvendýr	3.600
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri	0

Reykjavík, 9. desember 2024.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.